



12. apríl 2024

Máls.nr. 2303014/JKÁ

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um framtíðarstaðsetningu íþróttamiðstöðvar skotíþróttar

Ábyrgðarmaður: Svæðisskipulagsstjóri.

Inngangur: Þann 10. október 2023 samþykkti Borgarráð Reykjavíkur að beina því til stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu „að því verði beint til svæðisskipulagsnefndar að stofna starfshóp í samvinnu við nágrannasveitarfélögin, Ölfus og Voga, sem hafi það að markmiði að finna framtíðarstaðsetningu íþróttamiðstöðvar skotíþróttar

Í bókun Borgarráðs var lagt til að byggt yrði á fyrirliggjandi kostnaðarmati og staðarvalkostum er koma til greina í skýrslu EFLU, dags. 21. júní 2023. Þeir valkostir liggja innan marka fimm sveitarfélaga: Reykjavíkurborgar, Mosfellsbæjar, Hafnarfjarðarbæjar, Sveitarfélagsins Voga og Sveitarfélagsins Ölfuss. Skýrslan var unnin fyrir Reykjavíkurborg.

Hlutverk: Að gera tillögu að framtíðarstaðsetningu íþróttamiðstöðvar skotíþróttar á höfuðborgarsvæðinu eða nánasta umhverfi.

Verkefni:

- Hópurinn rýni og yfirfari fyrirliggjandi gögn um þá staðarvalkosti sem tilgreindir eru í skýrslu EFLU dags. 21. júní 2023. Þá verði tekið mið af forgangsörðun staðarvalkosta sbr. niðurstöður skýrslunnar. Ef fyrrnefndir staðarvalkostir þykja allir ófullnægjandi geti stýrihópurinn útvíkkað vinnuna og skoðað önnur svæði sem þyki fýsileg.
- Stýrihópurinn framkvæmi hagaðilagreiningu og óski eftir sjónarmiðum helstu hagaðila varðandi viðfangsefni hópsins, í samræmi við niðurstöður hennar.
- Hópurinn beiti vönduðum og viðurkenndum aðferðum til að meta fyrirliggjandi staðarvalskosti en fyrir liggur að í skýrslu EFLU eru matsþættir ekki vegnir út frá mikilvægi m.t.t. þeirra forsenda sem þurfa að liggja til grundvallar vegna starfsemi íþróttamiðstöðvar skotíþróttar. Í fyrirliggjandi vinnu verða matsþættir vegnir og metnir út frá:
 - umhverfisþáttum og öðrum áhrifum á nálæg svæði þ.m.t. hljóðvist, öryggi, sjónrænum áhrifum, útivistargildi, náttúruvernd, vatnsvernd, minjum, áhrifum á dýralíf
 - hversu vel aðstaðan henti fyrir starfsemina m.t.t. samgangna, stærðar og alþjóðlegra krafna
 - skipulagsmálum
 - kostnaði
- Hópurinn skili einni til þremur tillögum að framtíðarstaðsetningu íþróttamiðstöðvar fyrir skotíþróttir.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Skipan hópsins:

Stýrihópur: Kjörnir fulltrúar, að hámarki fimm, tilnefndir af sveitarfélögunum, innan sem utan höfuðborgarsvæðisins, þar sem staðarvalkostir koma til álita. Einn fulltrúi verði tilnefndur af Skotípróttasambandi Íslands.

Formaður svæðisskipulagsnefndar verði formaður hópsins.

Með hópnum starfa: Sérfræðingar sveitarfélaga og fulltrúi frá skrifstofu SSH.

Ráðgjafar hópsins:

Með hópnum starfar aðkeyptur verkefnastjóri og aðrir sérfræðingar sem hópurinn leitar til.

Hópurinn skal leita til skrifstofu SSH varðandi innkaup á aðkeyptri sérfræðipjónustu.

Kostnaðuráætlun: 5-8 milljónir í ráðgjafakostnað vegna framkvæmd verkefnis og vegna skýrslugerðar.

Starfstímabil: Hópurinn skal ljúka störfum fyrir lok árs 2024.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026